



Íbúar stýri því hvort þeir flokki eigið sörp

BAKSVIÐ

Aron Þórður Albertsson
aronthordur@mbl.is



Við viljum að fólk ráði því sjálft hvort það flokki ruslið sitt eða ekki. Þess utan teljum við okkur vera mjög framarlega í þessum málaflokki,“ segir Eygerður Margrétardóttir, deildarstjóri umhverfis- og úrgangsstjórnunar í Reykjavík, spurð hvort Reykjavíkurborg hafi setið eftir í sorphirðu og öðru sem henni viðkemur á síðustu árum. Mikil framþróun hefur orðið í málaflokknum í flestum sveitarfélögum hér á landi undanfarin ár.

Að sögn Eygerðar eru nú um tvö ár síðan Reykjavíkurborg kynnti grænu tunnuna til leiks sem ætluð er fyrir plast. Frá þeim tíma hafa ýmsar nýjungar verið kynntar til sögunnar í öðrum sveitarfélögum sem allar miða að því að einfalda og auka flokkun sorps. Engar frekari breytingar hafa verið kynntar í Reykjavík en Eygerður segir þó að Reykjavíkurborg standi framarlega þegar kemur að sorphirðu og reyni ávallt að fylgja nýjustu stöðlum og reglum til að hámarka endurvinnslu.

Mismunandi þarfir fólks

Í öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, að Kópavogi og Reykjavík frátöldum, hefur nú verið sett á stofn verkefni sem finnur plasti sérstakan endurvinnslufarveg. Verkefninu er ætlað að stuðla að stóraukinni endurvinnslu á plasti en til að endurvinnna plastið er það sett í plastpoka sem eingöngu eru ætlaðir undir hreinar plastumbúðir. Plastpokinn ásamt innihaldinu er settur í almennar sörptunnur en er síðan aðskilinn frá almennu sorpi síðar í ferlinu og settur í endurvinnslu. Með þessu vonast bæjaryfirvöld í sveitarfélögunum til að hægt verði auka magn plasts sem fer í endurvinnslu um 15 kg á íbúa á ári. Þá hafa bláar tunnur verið settar við öll hús í Kópavogi en í þær er hægt að setja bæði plast og pappír sem síðar er aðskilið með vélum.

Vilji fólk fá sambærilega þjónustu í Reykjavík þarf það að greiða sérstaklega fyrir það. Eygerður segir að eðlilegt sé að fólk greiði sérstaklega fyrir auka tunnur. „Auðvitað viljum



Morgunblaðið/Eggert

Sorphirða Til að íbúar Reykjavíkur geti flokkað sörp á sambærilegan hátt og í öðrum sveitarfélögum þurfa þeir að borga talsvert meira.

við að fólk flokki en við viljum einnig að fólk hafi val. Fyrir suma hentar betur að fara með ruslið á endurvinnslustöðvar á meðan aðrir vilja flokka þetta í tunnur fyrir utan húsið sitt. Í Reykjavík viljum við ekki skylda fólk til að vera með tunnur við heimili sín,“segir Eygerður.

Borgarþúar borga meira

Til að fá sambærilega þjónustu og íbúar annarra sveitarfélaga verða íbúar Reykjavíkur að greiða talsvert hærra verð. Sorphirðugjald í Reykjavík er 40.500 krónur á ári vilji fólk flokka pappa og plast frá venjulegu sorpi, en það er um 7.000 krónum meira en íbúar Kópavogs greiða. Lægst er sorphirðugjaldið í Garðabæ þar sem íbúar þurfa einungis að greiða 24.450 krónur á ári.

Spurð hvers vegna gjaldið sé eins hátt og raun ber vitni segir Eygerður að ýmislegt geti spilað þar inn í. Taka verði þó með í reikninginn að verið sé að bjóða upp á fleiri tunnur í Reykjavík auk þess sem fólk hafi val um það hvort það vilji flokka. „Þetta er auðvitað misdýrt eftir því hversu mikið fólk flokkar. Þess utan bjóðum við upp á fleiri tunnur en í öðrum sveitarfélögum auk þess sem skoða þarf hversu oft ruslið er sótt,“ segir Eygerður.

FLOKKA LÍFRÆNT SÖRP

Hólf sett í tunnur íbúa

Á Akureyri hefur nú verið komið fyrir hólf í ruslatunnum fólks sem ætlað er lífrænum eldhúsúrgangi. Lífræni úrgangurinn fer í sérstakan kartöflusterkjupoka sem sérstaklega er ætlaður fyrir lífrænt sörp. Á endanum brotna pokarnir ásamt innihaldinu niður í hólfinu og úr verður mold. Sorpið verður því hluti af eðlilegri hringrás og jarðgerðarferli í umhverfinu.

Í Reykjavík hefur hingað til ekki verið boðið upp á hólf eða tunnur við heimili fólks þar sem hægt er að flokka lífrænt sörp. Eygerður segir þó vel koma til greina að bjóða upp á slíka þjónustu í framtíðinni en borgin reyni að fylgja leiðbeiningum sem koma frá útlöndum.